

Fundur 11.apríl í Nónsteini

Á fundinum voru: Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri, Anna Björk Hjaltadóttir formaður Gjálpar, Edda Pálsdóttir varaformaður Gjálpar, Anna Sigríður Valdimarsdóttir og Egill Gestsson.

Rætt var um mögulegt samstarf sveitarstjórnar og Gjálpar varðandi uppbyggingu atvinnuhúsnæðis/skrifstofukjarna í Nónsteini en húsið er í eigu Skeiða-og Gnúpverjahrepps.

Forsaga málsins er sú að sveitarstjórnin auglýsti eftir hugmyndum um notkun að húsinu fyrr í vetur og sendi stjórn Gjálpar þá inn sína tillögu. Í framhaldinu, 7.mars, fóru Anna Björk og Edda á fund með Björgvini Skafta oddvita og Kristófer sveitarstjóra til að ræða nánar þær hugmyndir. Vel var tekið í hugmyndirnar á þeim fundi og sammælt um að stjórn Gjálpar myndi halda áfram að kanna vilja fyrirtækja og einstaklinga á svæðinu til samstarfs. Með það að markmiði hefur stjórn Gjálpar sent tölvupóst til fyrirtækja, háskóla og einstaklinga sem kynnu að hafa áhuga á samstarfi.

Á sveitarstjórnarfundum 5.apríl kom fram eftirfarandi bókun:

1. Umsóknir um rekstur í Árnesi. Lögð fram umsókn frá Birgi Birgissyni, Lofti Einarssyni og Idu Juhl um rekstur í Árnesi frá 1 júní til 1 september 2018, ásamt umsjón með tjaldsvæði. Auk þess lýsa þau áhuga á að taka á leigu gistihúsið Nónstein á sama tímabili. Samþykkt samhljóða að semja við Birgi, Loft og Idu um rekstur í Árnesi auk umsjónar með tjaldsvæði og leigu á gistihúsinu Nónsteini að uppfylltum vissum skilyrðum.

Stjórn Gjálpar gerði athugasemd við þessa bókun í tölvupósti til Kristófers. Það er ljóst að stjórn Gjálpar er væntanlega ekki tilbúin til að hefja starfsemi í Nónsteini í sumar en við óskum eftir skýrari samskiptum varðandi húsnæðið í framtíðinni.

Á fundinum 11.apríl var svo rætt hvaða möguleikar væru fyrir hendi í framhaldinu. Sammælt um að það gæti verið verulega góð viðbót fyrir atvinnulífið og samfélagið að koma atvinnu/skrifstofurýminu á koppinn en ljóst að það þurfa að vera að lágmarki 3-4 aðilar staðfestir svo hægt sé að hrinda verkefninu úr vör. Hugmyndin er sum sé að hafa fjölþætta atvinnustarfsemi (klippara, nuddstofu, snyrtistofu, reiðtygjaverkstæði, spunastofu etc), opnar skrifstofur til leigu í lengri eða skemmri tíma og mögulega kaffihús/bar í framhaldinu.

Kristófer hvatti til þess að stjórn Gjálpar myndi setja sig í samband við sveitarstjórn fyrir kosningar svo hægt sé að ná einhverskonar lendingu um hvert framhaldið skuli vera.